

4. Fundur starfshóps um endurskoðun frístundaheimila, frístundastyrkja og fyrirkomulags niðurgreiðslna og gjalda. Haldinn kl. 17 miðvikudaginn 24. janúar 2015 að Strandgötu 6.

Mættir: Helga Ingólfssdóttir, formaður, Atli Þórsson, Karólína Helga Símonardóttir, Fjölínir Sæmundsson, Hörður Svavarsson, Adda María Jóhannsdóttir og Rannveig Einarsdóttir sem ritaði fundargerð.

1. Yfirferð yfir heimsókn til Skóla- og frístundasviðs og í Frostheima.

Fundarmenn voru ánægðir með kynnisferðina og fannst hægt að draga af henni lærdóm. Má þar helst nefna samþættingu við íþróttafélög, margbreytilegt fyrirkomulag sem felst m.a. í mismunandi útfærslum á milli skóla og hverfa í borginni, greining á stuðningsþörf, aldursskipting o.fl.

2. Útvistun verkefna.

- a. Geir Bjarnasyni, forvarnar- og tómstundafulltrúa er falið að taka saman minnisblað um yfirfærslu þjónustu frístundaheimila milli sviða hjá Reykjavíkurborg og greina helstu kosti og galla þess að flytja þjónustuna milli sviða.
- b. Rekstrarstjórum fræðslusviðs og fjölskyldusviðs verði í samræmi við erindisbréf starfshóps falið að rýna núverandi gjaldskrá og greiðsluþátttöku vegna gjalda eftirfarandi þjónustuþátta. Rætt um mikilvægi þess að upplýsingarnar séu kyngreindar.

- Dagforeldrar
Tilgreina skal heildarumfang/kostnað vegna þátttöku í niðurgreiðslu gjalda hjá dagforeldrum og gera samanburð við nágrannasveitarfélög.
- Leikskólagjöld
Gera samanburð á gjaldskrá í Hafnarfirði og í nágrannasveitarfélögum. Skoða afsláttarfyrirkomulag og tekjutengingu leikskólagjalda
- Frístundaheimili
Gera samanburð á gjaldskrá í Hafnarfirði og í nágrannasveitarfélögum. Skoða afsláttarfyrirkomulag.
- Máltíðir í grunnskólum
Gera samanburð á gjaldskrá í Hafnarfirði og nágrannasveitarfélögum og skoða afsláttarfyrirkomulag.
Tilgreina skal heildarumfang/kostnað vegna þátttöku í niðurgreiðslu skólamáltíða hjá sveitarfélaginu og gera samanburð við nágrannasveitarfélög.
- Niðurgreiðslur vegna íþróttar og tómstundaiðkunar barna
Tilgreina skal heildarumfang/kostnað hvers málaflokks,

hve margir nota styrk fyrir fleiri en eina íþróttagrein, aldurs- og kyngreining, greining eftir íþróttum.

Ennfremur hvaða íþróttagreinar geta sótt um styrk

- Tónlistarskólinn

Heildarumfang og kostnaður. Greiðsluþátttaka foreldra.

4 **Næstu skref.**

Á næsta fundi þann 11. febrúar n.k. verði farið í heimsókn í Hraunsel, frístundaheimilið við Hraunvallaskóla og einnig á Ásvelli og frístundaheimilið þar skoðað.

Rætt um að fá Kjartan Ásmundsson til að kynna meistararitgerð sína um íþróttaiðkun.

Fundi slitið kl. 18:00.